



**VITUNDARVAKNING**  
um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt  
ofbeldi gegn börnum

# Í HNOTSKURN

Yfirlit yfir helstu verkefni  
Vitundarvakningar um kynferðislegt,  
andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn  
börnum og næstu skref í  
ofbeldisforvörnum

2012-2014

## ALÞJÓÐASAMNINGAR

Evrópusamningur um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna var fullgiltur á Alþingi árið 2012.

Lanzarotesamningurinn byggist í grundvallaratriðum á ákvæðum Barnasáttmálans, þar sem nánari skyldur einstaka ríkja á tilteknum réttarsviðum hans eru í fyrsta sinn útfærðar. Innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti gerðu með sér samning um framkvæmd átaksverkefnis um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Á grundvelli tillagna frá *Samráðshópi forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisafbrot, einkum börn* árið 2013 var ákveðið að útvíkka starfsemi Vitundarvakningunnar svo hún tæki einnig til andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum.

## ÁHERSLUR

Á grundvelli Lanzarotesamningsins um forvarna- og fræðslustarf vann Vitundarvakningin að:

- Fræðslu fyrir börn.
- Fræðslu fyrir starfsfólk.
- Fræðslu almennings.

Auk þess voru unnar samantektir og yfirlit og staðið að rannsóknum á árangri fræðsluverkefna.

**Ákvæði Lanzarotesamningsins um forvarna- og fræðslustarf og áherslur Barnasáttmálans voru leiðarljós Vitundarvakningar við mótun þeirra verkefna sem hún stóð að.**

# FRÆÐSLA FYRIR BÖRN

## Leiðarljós

Á grundvelli Lanzasóttmálans og Barnasóttmálans var haft að leiðarljósi að:

- Tryggja að börn fái upplýsingar um hættu á kynferðislegu ofbeldi og jafnframt hvernig þau geta varið sig.
- Leggja sérstaka áherslu á áhættuaðstæður, einkum þær sem felast í notkun nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni.
- Veita upplýsingar í samstarfi við foreldra, eftir því sem við á.
- Fræðsla fyrir börn sé ávallt á grundvelli réttar þeirra fyrir vernd, umönnun og nauðsynlegri aðstoð ásamt rétti þeirra til virkni og þátttöku í málum sem þau varða.

## Yngsta stig grunnskóla

### *Krakkarnir í hverfinu*

Vitundarvakning stóð að sýningum á brúðuleikritinu *Krakkarnir í hverfinu* í öllum 2. bekkjum grunnskóla. Með sýningunni var leitast við að fræða ung börn um rétt þeirra til að búa ekki við ofbeldi og auðvelda þeim að segja frá slíku.

## Miðstig grunnskóla

### *Stattu með þér*

Vitundarvakning stóð að gerð fræðsluefnis fyrir miðstig grunnskóla sem ber heitið *Stattu með þér* og er stuttmynd um sjálfsvirðingu, ofbeldi og að setja mörk. Hún hefur verið sýnd í öllum grunnskólum landsins. Stuttmyndinni fylgja kennsluleiðbeiningar sem eru um leið fræðsla fyrir fullorðna um mikilvægi umræðu við börn um þessi mál.

## Efsta stig grunnskóla/framhaldsskólar

### *Fáðu já*

Vitundarvakning stóð að gerð *Fáðu já*, stuttmyndar um mörkin milli ofbeldis og kynlífs. Hún hefur verið sýnd í öllum 10. bekkjum landsins og velflestum framhaldsskólum. Stuttmyndinni fylgja kennsluleiðbeiningar sem eru um leið fræðsla fyrir fullorðna um mikilvægi umræðu um kynlíf og kynferðisofbeldi.

# FRÆÐSLA FYRIR STARFSFÓLK

## FRÆÐSLUEFNI

### Leiðarljós

Á grundvelli Lazarotesamningsins og Barnasáttmálans var haft að leiðarljósi að:

- Vekja til vitundar um vernd og réttindi barna þá einstaklinga sem eiga reglulega í samskiptum við börn.
- Tryggja að þeir einstaklingar hafi fullnægjandi þekkingu á ofbeldi gegn börnum, aðferðum til að greina slíkt og leiðir til að bregðast við ef barn upplýsir um ofbeldi.
- Fræðslan feli ávallt í sér að tilkynningaskylda fagfólks vegur þyngra en þagnarskylda þess í starfi.

Vitundarvakning gaf út íslenska þýðingu á [Leiðbeiningareglum ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu](#) (e. Guidelines of the Committee of Ministers of the Council of Europe on child friendly justice).

### Fræðslurit fyrir starfsfólk skóla

#### *Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla*

Vitundarvakning gerði samning við Námsgagnastofnun um gerð handbókar um ofbeldi gegn börnum fyrir starfsfólk skóla.

Markmið hennar er að upplýsa kennara og annað starfsfólk skóla um einkenni og áhrif ofbeldis á börn og vekja athygli á forvörnum, inngripi og úrræðum sem eru til staðar til að tryggja sem best velferð nemenda.

### Fræðslurit fyrir starfsfólk réttarvörslukerfisins

#### *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.*

#### *Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd*

Vitundarvakning gerði samning við Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni (RÁS) um gerð fræðslurits um málsmeðferð innan réttarkerfisins og réttarvernd barna í kynferðisbrotamálum.

Markmið þess er meðal annars að greina meginreglur helstu alþjóðasamninga og draga fram þau atriði sem ber að hafa að leiðarljósi við meðferð réttarkerfisins á málum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þar er fjallað um hlutverk, vinnulag og samspil ólíkra aðila innan réttarkerfisins og greint hvernig haga megí málsmeðferð til að tryggja fyrirmyndarvinnubrög við kynferðislegu ofbeldi gegn börnum

# FRÆÐSLA FYRIR STARFSFÓLK

## FRÆÐSLUÞING OG NÁMSKEIÐ

### Leiðarljós

Á grundvelli Lazarotesamningsins og Barnasáttmálans var haft að leiðarljósi að:

- Vekja til vitundar um vernd og réttindi barna þá einstaklinga sem eiga reglulega í samskiptum við börn.
- Tryggja að þeir einstaklingar hafi fullnægjandi þekkingu á ofbeldi gegn börnum, aðferðum til að greina slíkt og leiðir til að bregðast við ef barn upplýsir um ofbeldi.
- Fræðslan feli ávallt í sér að tilkynningaskylda fagfólks vegur þyngra en þagnarskylda þess í starfi.

### Fræðsluþing fagaðila

Vitundarvakning hélt átján fræðsluþing víða um land á árunum 2012-2014. Þau voru ætluð fólki sem vinnur með börnum og/eða í tengslum við börn. Helstu sérfræðingar í málaflokknum fluttu erindi, auk þess fluttu ráðherrar þeirra ráðuneyta sem Vitundarvakning heyrir undir ávörp.

### Námskeið fyrir kennara

Vitundarvakningin og Námsgagnastofnun héldu námskeiðið *Kynlegt ferðalag – námskeið um kynjamennt* þvert á námsgreinar fyrir kennara á mið- og unglíngastigi. Námskeiðið var haldið á grundvelli Pestalozzi-áætlunar Evrópuráðsins um starfsþróun og þjálfun kennara. Markmið námskeiðsins var að efla færni og sjálfstraust kennara til þess að innleiða kynjasjónarhorn í kennslu sína.

### Námskeið fyrir réttarvörskulerfið

Í aðdraganda útgáfu fræðsluritsins *Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna* voru haldin námskeið sem byggð voru á fræðsluritinu og sniðin að fólki sem starfar í málaflokknum, með börnum eða er í tengslum við börn. Útgáfu fræðsluritsins var síðan fylgt eftir með nýjum námskeiðum í Reykjavík og á Akureyri.

### Aðgengi að fagaðilum

#### Tengiliðanet Vitundarvakningar

Vitundarvakning setti upp tengiliðanet starfsfólks úr öllum stofnunum og félagasamtökum sem tengjast málaflokknum. Það nær yfir 1.500 fulltrúa og var notað til þess að miðla upplýsingum um ýmis fræðsluverkefni Vitundarvakningar.

## VITUNDARVAKNING ALMENNINGS

Á grundvelli Lanzarotesamningsins leitaðist Vitundarvakning við að auka þekkingu almennings á ofbeldi gegn börnum og að hvetja til umfjöllunar um málaflokkinn í fjölmiðlum. Vitundarvakning vann að því með þrennum hætti:

### Kynning verkefna

Áhersla á aðkomu fjölmiðla í kynningarstarfi var á grundvelli þess að í Lanzarotesamningnum er sérstaklega kveðið á um hvatningu til fjölmiðla um að veita viðeigandi upplýsingar. Í samningum Vitundarvakningar við verksala var kveðið á um kynningarstörf og aðkomu fjölmiðla, þar sem efnistöð afurðarinnar væru kynnt og þeir hvattir til þess að dreifa efninu áfram og halda uppi umræðu um inntak þess.

Eftirfarandi verkefni fólu í sér sérstaka áherslu á kynningu og dreifingu meðal almennings:

- *Fáðu já*
- *Stattu með þér*
- *Leiðin áfram*

### Póstkort

Tilkynningaskylda um ofbeldi var sérstaklega áréttuð í póstkorti til landsmanna sem var dreift á öll heimili í mars 2013. Markmið póstkortsins var að minna almenning á það alvarlega viðfangsefni sem ofbeldi gegn börnum er og þá skyldu fólks að tilkynna barnavernd ef grunur vaknar um að barn búi við ofbeldi eða misnotkun.

### Aðgengi að upplýsingum

#### SAMANTEKTIR OG YFIRLIT

Vitundarvakning tók saman fyrirbyggjandi íslenskt fræðsluefni um ofbeldi gegn börnum og gerði yfirlit yfir opinbera aðila sem tengjast vernd barna á Íslandi.

#### VEFSVÆÐI VITUNDARVAKNINGAR

Tilgangur vefsíðu Vitundarvakningar er að gera störf hennar og verkefni sýnileg og aðgengileg.

[www.vel.is/vitundarvakning](http://www.vel.is/vitundarvakning)

Vitundarvakning settu sömuleiðis upp vefsíður fyrir afmörkuð verkefni.

[www.vel.is/faduja](http://www.vel.is/faduja)

[www.vel.is/stattumeðþér](http://www.vel.is/stattumeðþér)

[www.leidinafram.is](http://www.leidinafram.is)



## EFTIRFYLGNI

### MAT Á ÁRANGRI VERKEFNA

Vitundarvakning fylgdi eftir stærri verkefnum með rannsóknum og matskönnunum. Tilgangur þess var að hámarka árangur starfsins og móta æskilegan farveg fyrir úrbætur og ný verkefni.

#### Rannsókn á árangri brúðusýningarinnar *Krakkarnir í hverfinu*

Vitundarvakning veitti Rannsóknarstofu í barna- og æskulýðsfræðum (BÆR) verkefnastyrk til rannsókna og eftirfylgni vegna leiksýninga á *Krakkarnir í hverfinu* eftir að Vitundarvakning hóf að sýna hana árlega í öllum grunnskólum landsins.

Niðurstöður benda til þess að *Krakkarnir í hverfinu* hafi áhrif á skólasamfélagið, hún gefi börnum tækifæri til þess að tjá sig um ofbeldi sem þau verða fyrir og stuðli að því að starfsfólk tilkynni grun eða vissu um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi.

#### MATSKÖNNUN Á FRÆÐSLUÞINGUM FAGAÐILA

Vitundarvakning framkvæmdi matskönnun á árangri fræðsluþinga fagaðila á árunum 2012-2014. Niðurstöður benda til þess að árangur af fræðsluþingunum er talsverður.

Svarendur voru að langstærstum hluta ánægðir með fræðsluþingið sem þeir sóttu og töldu það hafa nýst sér í starfi, auk þess sem áhugi er fyrir því að mæta aftur á sambærilegt fræðsluþing.

#### Rannsókn á árangri stuttmyndarinnar *Fáðu Já*

Vitundarvakning lét, í samvinnu við SAFT (*Samfélag, fjölskylda og tækni*), kanna áhorf unglunga í 10. bekk á stuttmyndinni *Fáðu já*. Auk þess voru áhrif myndarinnar og viðhorf unglunga til hennar könnuð.

Niðurstöður sýna að nær allir unglingar í 10. bekk höfðu séð stuttmyndina, eða um 95% nemenda, að skilningur þeirra um mörk kynlífs og ofbeldis hafi aukist auk þess sem myndin hafi haft jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til mikilvægis samþykkis í kynlífi.

## FRAMTÍÐARSÝN VITUNDARVAKNINGAR

Framtíðarsýn Vitundarvakningar er í tveimur hlutum. Annars vegar er farið yfir hvaða málefnum og hvaða hópum er brýnt að beina sjónum að í næstu fræðsluverkefnum. Hins vegar eru tillögur að framtíðarfyrirkomulagi í ofbeldisforvörnum eftir að Vitundarvakning hefur lokið störfum.

### Fræðsluefni

Mikilvægt er að halda áfram gerð fræðsluefnis því enn er þörf á umbótum í málaflokknum. Vitundarvakningin telur eftirfarandi áherslur mikilvægar:

**Leikskólastig:** Innleiða fræðsluefni fyrir börn á leikskólastigi og koma á fræðslu sem sérstaklega er ætluð starfsfólki í leikskólum með áherslu á tilkynningaskyldu opinberra starfsmanna og einkenni kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis.

**Fötluð börn:** Taka þarf sérstakt tillit til mismunandi aðstæðna fatlaðra barna við gerð fræðsluefnis fyrir börn.

**Gerendur ofbeldis:** Útbúa forvarna- og fræðsluefni sem beinist að gerendum ofbeldis.

**Kynjasjónarmið:** Útbúa fræðsluefni sem brýtur niður þagnamúr um konur/stúlkur sem gerendur ofbeldis og drengi sem þolendur kynferðisofbeldis.

**Kynboð (e. sexting):** Útbúa forvarna- og fræðsluefni um misnotkun kynboða.

**Menntun fagstétta:** Huga þarf að inntaki menntunar fagstétta sem vinna með börnum og í tengslum við börn.

**Foreldrafræðsla:** Víðtækri fræðslu um ofbeldi verði komið á með markvissum hætti fyrir foreldra.

### Fyrirkomulag forvarna

Auka þarf samhæfingu fagaðila sem starfa í málaflokknum. Til þess þarf miðlæga starfsemi sem veitir yfirsýn og heldur utan um viðeigandi upplýsingar um störf stofnana og samtaka sem koma að vernd barna.

Vitundarvakning leggur til að stofnað verði *Umhyggjusvið* sem annist forvarna- og fræðslustarf um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Verksvið þess verði eftirfarandi:

- **Samráð fagaðila:** Halda uppi samráðsvettvangi stjórnvalda, sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra sem vinna að ofbeldisforvörnum fyrir börn.
- **Miðlæg upplýsingaveita:** Sjá um markvissa skráningu á stöðu forvarna- og fræðslustarfs um ofbeldi gegn börnum, sem nýtist í forgangsröðun verkefna hjá stjórnvöldum, sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum sem koma að vernd barna.
- **Fræðsla:** Tryggja að fræðsla fyrir fagaðila og foreldra verði með þeim hætti að sem flestir sækja hana og að fræðsluefni um ofbeldi verði hluti af reglulegu og ítrekuðu námsefni á öllum skólastigum.
- **Rannsóknir:** Sjá um ut anumhald og samræmingu á rannsóknum og veita fjárhagslegan stuðning við reglulegar rannsóknir á umfangi og eðli ofbeldis.